

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarflokksins en þó eigi á hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokksins, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins samkvæmt lögum nr. 73/1965 rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stfonsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73/1965 um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 21. marz 1969

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1967:

Borgarfjarðarsýsla:

Grímssel á veiðihúsi í landi Grafar, Lundarreykjadalshreppi.

Dalasýsla:

Klifmýri á nýbýli í landi Hvalgrafa, Skarðshreppi.
Lindarholt á nýbýli í landi Sórholts, Saurbæjarhreppi.

Vestur-Barðastrandarsýsla:

Hótel Flókalundur á veitinga- og gististað á eyðibýlinu Hellu í Vatnsfirði.

Strandasýsla:

Smáhamrar I á nýbýli í landi Smáhamra, Kirkjubólshreppi.
Smáhamrar II á nýbýli í landi Smáhamra, Kirkjubólshreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Ás II á nýbýli í landi Áss, Áshreppi.

Suður-Pingeyjarsýsla:

Selsás á iðnaðarbýli í landi Litlu-Lauga, Reykdælahreppi.

Norður-Pingeyjarsýsla:

Víðimörk á nýbýli í landi Hvamms, Svalbarðshreppi.

Norður-Múlasýsla:

Vörðubrún á nýbýli í landi Hallgeirsstaða, Hlíðarhreppi.

Rangárvallasýsla:

Ægissíða IV á nýbýli í landi Ægissíðu, Djúpárhreppi.

Árnessýsla:

Bjarkarhlíð á garðyrkjubýli á lóð nr. 4 á Flúðum, Hrunamannahreppi.
Breiðholt, nýtt nafn á Önundarholti II í Villingaholtshreppi.
Ekra á garðyrkjubýli í landi Laugarásslæknishéraðs, Biskupstungnahreppi.
Hjálmholt II á nýbýli í landi Hjálmhólts, Hraungerðishreppi.
Sólheimar II á nýbýli í landi Sólheima, Hrunamannahreppi.

Kjósarsýsla:

Varmidalur II á iðnaðarbýli í landi Varmadals, Kjalarneshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 21. marz 1969.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1968:

Borgarfjarðarsýsla:

Víðigerði II á iðnaðarbýli í landi Víðigerðis, Reykholtisdalshreppi.

Hnappadalssýsla:

Brúarhraun II á nýbýli í landi Brúarhrauns, Kolbeinsstaðahreppi.
Snorrastaðir II á nýbýli í landi Snorrastaða, Kolbeinsstaðahreppi.

Norður-Ísafjarðarsýsla:

Laugarholt á nýbýli í landi Laugalandis, Nauteyrarhreppi.